

I gegn Svíþjóð

Dómur frá 5. september 2013

Mál nr. 61204/09

3. gr. Bann við pyndingum

Hælisleitendur. Brottvísun. Hætta á ofsóknum.

1. Málsatvik

Kærendur, hjónin I og barn þeirra, eru rússneskir ríkisborgarar af tsjetsjenskum uppruna, fædd árin 1965, 1978 og 1999 og búsett í Svíþjóð. Þau komu til Svíþjóðar í desember 2007 og sóttu þar um hæli. Hjónin kváðust hafa sætt pyndingum í Tsjetsjeníu. Þá hefði eiginmaðurinn á árunum 1995 til 2007 tekið ljósmyndir af aftökum rússneskra sambandshermanna á tsjetsjenskum þorpsbúum, auk þess sem hann hefði tengsl við blaðamanninn Önnu Politkovskaju sem var myrt árið 2006. Jafnframt vísuðu kærendur til þess að eiginkonan hefði verið numin á brott af rússnesku leyniþjónustunni og hervarðliðar handtekið eiginmanninn. Hefði þeim verið haldið í kjallara og þau sætt pyndingum í því skyni að knýja fram upplýsingar um tsjetsjenska uppreisnarmenn. Eiginmaðurinn bar ýmis ör á líkama sínum, þar á meðal kross á brjósti sér.

Sænsk stjórnvöld synjuðu kærendum um hæli í október 2008. Þau töldu hvorki ástandið í Tsjetsjeníu né aðstæður Tsjetsjena í Rússlandi réttlæta veitingu hælís. Þá töldu þau frásögn kærenda vera sundurlausa og að hluta til mótsagnakennda. Í því sambandi var meðal annars bent á að eiginmaðurinn hefði ekki getað sýnt fram á nokkurn afrakstur þess áralanga ljósmyndastarfs sem hann segðist hafa unnið. Sænskir dómstólar staðfestu ákvörðun stjórnvalda um synjun hælís.

Í nóvember 2009 greip Mannréttindadómstóllinn til bráðabirgðaráðstafana og beindi því til sænska ríkisins að flytja kærendur ekki úr landi uns annað yrði tilkynnt.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram að brottvísun þeirra til Rússlands hefði í för sér raunverulega hættu á meðferð sem bryti gegn banni 3. gr. sáttmálans við pyndingum eða ómannlegri eða vanvirðandi meðferð.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að honum væri vel kunnugt um mannshvörf, gerræðislegt ofbeldi sem ekki sætti refsingu og illa meðferð á fólki innan Tsjetsjeníu. Jafnframt væri dómstólnum kunnugt um að fólk sem hefði snúið aftur til ríkisins hefði í sumum tilvikum sætt yfirheyrslum, áreiti og jafnvel frelsissviptingu og illri meðferð af hálfu stjórnvalda. Dómstóllinn taldi þó að aðstæður væru almennt ekki svo alvarlegar að það bryti eitt og sér í bága við 3. gr. sáttmálans að senda kærendur til Rússlands.

Hvað varðar aðstæður kærenda tók dómstóllinn fram að sænsk stjórnvöld hefðu ekki dregið í efa að eiginmaðurinn hefði sætt pyndingum, en hins vegar hefði leikið vafi á því hverjir bæru ábyrgð á þeim. Dómstóllinn taldi ekki ástæðu til að gera athugasemd við málsmeðferð sænskra stjórnvalda og að ekkert benti til þess að um gerræðislega ákvörðun hefði verið að ræða.

Dómstóllinn vísaði til þess að vafi léki á trúverðugleika ákveðinna staðhæfinga kærenda, einkum að því er varðar meinta ljósmyndatöku eiginmannsins. Þrátt fyrir beiðni frá dómstólnum hefði kærandinn ekki vísað til nokkurrar ljósmyndar eftir sig sem hefði verið birt eða lagt fram nein gögn sem styddu staðhæfingar hans um þetta atriði. Að mati dómstólsins höfðu ekki verið leiddar líkur að

Því að kærendur stæðu frammi fyrir raunverulegri hættu á illri meðferð vegna meintrar ljósmyndatöku eignimannsins yrðu þau send til Rússlands. Hins vegar benti dómstóllinn á að sænsk stjórnvöld og dómstólar hefðu ekki lagt sérstakt mat á hættuna sem leiddi af þeirri staðreynd að eiginmaðurinn var með alvarleg og áberandi ör á líkama sínum, þar á meðal kross á brjósti sér. Ef leitað yrði á honum eftir komu til Rússlands sæist strax að hann hefði sætt illri meðferð og mætti sjá að örin væru nokkurra ára gömul, en það benti til þess að hann hefði tekið virkan þátt í síðara Tsjetsjeníustríðinu.

Að þessu virtu komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ríkar ástæður væru til að ætla að kærendur væru í raunverulegri hættu á illri meðferð yrði þeim vísað til Rússlands. Var því talið að brottvísun þeirra myndi fela í sér brot gegn 3. gr. sáttmálans. Tveir dómara skiluðu sératkvæði.